

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. nóvember 2020

Efni: Frumvarp til skipalaga, 208. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök skipaiðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) skiluðu 9. mars sl., sameiginlegri umsögn um drög að frumvarpi til laga um skip, mál nr. 44/2020. Samtökin fagna því að komið hafi verið til móts við hluta þeirra sjónarmiða sem þar komu fram, t.d. hvað varðar skráningu skipa og útgáfu leiðarbréfa, en telja þó ástæðu til að ítreka og áréttta eftirfarandi atriði.

Mat á áhrifum frumvarpsins

Samtökin fögnuðu því markmiði frumvarpsins að einfalda lagaumhverfi skipa og koma ákvæðum um þau í ein lög. Samtökin gerðu þó athugasemdir við mat frumvarpshöfunda á áhrifum frumvarpsins á atvinnulífið, þar sem í greinargerð með frumvarpinu sagði að frumvarpið hafi ekki áhrif á atvinnulífið. Þrátt fyrir að meginefni frumvarpsins snúi að einföldun löggjafarinnar þá eru í frumvarpsdrögum íþyngjandi ákvæði, t.d. um álagningu stjórnvaldssekta, sem ætla má að hafi töluverð áhrif. Samtökin ítreka þetta í umsögn þessari.

Verklag Samgöngustofu

Í greinargerð með frumvarpinu segir að í II. kafla frumvarpsins sé fjallað um skráningu skipa og vísað í ákvæði um skipaskrá sem Samgöngustofa heldur úti. Vísað er til þess í frumvarpinu að gerðar verði breytingar til að endurspeglar verklag Samgöngustofu sérstaklega út frá rafrænni skráningu og aðgengi að skipaskrá. Samtökin fagna því að í fyrirbyggjandi frumvarpi sé lögð aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu en telja að öðru leyti óljóst hvaða verklag Samgöngustofu leiði til breytinga á núgildandi regluverki, líkt og kveðið var á um í fyrri umsögn samtakanna frá því í mars sl. Samtökin ítreka að mikilvægt sé að tilgreina sérstaklega í greingerð frumvarpsins hvert verklag Samgöngustofu sé og með hvaða hætti það leiði til breytinga á núgildandi regluverki.

Skoðun skipa


Í áður nefndri umsögn samtakanna um frumvarpsdrögin bentu samtökin á að þau teldu ekki rökrétt að tveir aðilar kæmu að upphafsskoðun skipa enda leiddi það til þess að framleiðendur þyrftu að greiða tvöfalt skoðunargjald. Í greinargerð með frumvarpinu er núna kveðið á um að ráðherra skuli áfram setja reglugerð um starfsemi viðurkenndra skoðunaraðila, en einnig er kveðið á um að við yfirferð regluverks sem byggist á ákvæðum frumvarpsins verði athugasemdir SI og SSI skoðaðar. Samtökin fagna því og kalla eftir samráði við ráðuneytið þegar unnið er að gerð reglugerðarinnar sem og verklag útfært.

Stjórnvaldssektir

Samtökin gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um stjórnvaldssektir, sbr. 45.gr., en með frumvarpinu á að innleiða heimildir til álagningar stjórnvaldssekta og segir í greinargerð með frumvarpinu að mikilvægt þyki að heimild af þessu tagi sé til staðar einmitt af þeirri ástæðu að Samgöngustofa hafi eingungis yfir að ráða heimild til að kæra brot til lögreglu samkvæmt gildandi lögum.

Samtökin leggja enn og aftur áherslu á að gæta þurfi að ganga ekki lengra en þörf er á við álagningu stjórnvaldssekta auk þess að rökstyðja þurfi fjárhæðir stjórnvaldssekta í frumvarpinu. Samtökin vilja taka það fram að lægri mörk sektarrammans, sér í lagi hjá einstaklingum, séu ennþá of há.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins og Samtaka skipaiðnaðarins



Guðrún Birna Jørgensen,
viðskiptastjóri á framleiðsluviði SI